

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

188. FUNDUR.

188. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 8. nóvember árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 12:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Fyrri umræða.

Afgreiðslur:

1. Oddviti greindi frá tillögu samstarfsnefndar um að kosið verði um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra í almennum íbúakosningum þann 3. desember nk. Þá fór oddviti einnig lauslega yfir samantekt nefndarinnar um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Nokkur umræða fór fram um tiltekin atriði varðandi tillögu nefndarinnar og málefni sveitarfélaganna.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga „Í samræmi við 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að vísa tillögu samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra til seinni umræðu í sveitarstjórn þann 10. nóvember nk., Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:31

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari